

Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um rannsóknir á nýtingu fiskúrgangs.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hvaða rannsóknir innlendar eða erlendar liggja fyrir um nýtingu fiskúrgangs (afskurðar, hausa, hryggjar, innyfla, roðs) sem fellur til við fiskvinnslu á sjó og landi og hverjar eru helstu niðurstöður þeirra rannsókna?
2. Liggja fyrir rannsóknir innlendar eða erlendar á áhrifum þess á lífríkið þegar miklu magni úrgangs frá fiskvinnslu eða annarri vinnslu, t.d. á skel og rækju, er hent í hafið?
3. Liggja fyrir rannsóknir á áhrifum þess á fiskgöngur þegar miklu magni fiskúrgangs er hent á viðkvæmri fiskislóð?

Skriflegt svar óskast.